



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgrata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25.06.2018

Tilv.: 1806012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar – áform um lagasetningu**

Athygli Samkeppniseftirlitsins hefur verið vakin á því að til umsagnar er á Samráðsgátt stjórnarráðsins frumvarp til laga um leigubifreiðar – áform um lagasetningu. Á þessu stigi vill Samkeppniseftirlitið benda á eftirfarandi.

Samkeppniseftirlitið hefur á liðnum árum mælst ítrekað til þess að lagaumgjörð leigubílaaksturs verði endurskoðuð. Í því skyni hefur Samkeppniseftirlitið ritað álit, tilmæli og umsagnir sem eftirlitið hefur beint til stjórnvalda vegna þessa. Hefur Samkeppniseftirlitið lagt áherslu á að kraftar samkeppninnar fái notið sín á þessum markaði eins og öðrum, en með virkri samkeppni er almennt stuðlað að lægra verði og betri þjónustu.

Í þessu sambandi hefur Samkeppniseftirlitið tekið saman, á heimasíðu sinni, sérstaka yfirlitssíðu þar sem hægt er að skoða þau álit, tilmæli og umsagnir sem eftirlitið hefur ritað og beint til stjórnvalda á liðnum árum. Umrædd yfirlitssíða er aðgengileg á slóðinni: <http://www.samkeppni.is/samkeppni-a-leigubifreidamarkadi/>.

Samkeppniseftirlitið fagnar að lagaumgjörð um leigubílaakstur sé til skoðunar, og áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Haukur Guðmundsson